

3. október 2018

### 1.fundur skólaráðs

**Mætt:** Alexander Kárasón – fulltrúi grenndarsamfélags, Erla Jóna Steingrímsdóttir, Ásta Benediktsdóttir fulltrúar kennara, Sandra Jónasdóttir (í forföllum Sigríðar Ingólfssdóttur), Jón Ragnars – fulltrúar foreldra, Margrét María varafulltrúi nemenda, Margrét Gróa Björnsdóttir – fulltrúi almennra starfsmanna, Þórhildur Elfarsdóttir – skólastjóri, Þórunn Rósa Ólafsdóttir skólastjóri og ritar fundargerð.

1. Starfsáætlun sett niður og dagsetningar og fundarefni ákveðið.
2. Önnur mál

Fjárhagsáætlun er í gangi. Farið yfir skólabyrjun. Erum að óska eftir að fá endurnýjun húsgögn á ákveðnu ársbili. Rætt um mikilvægi þess að lagt sé upp með að fá skilning og fjármagn til endurnýjunar. Rætt um mötuneytið. Gæti nemendaráðið koma að hugmyndagerð með matseðli? Jón spurði um kælamálið. Þórhildur upplýsti að þeir eru að koma í hús núna. Skólastjórar fóru yfir að við finnum fyrir stuðningi frá bænum til að gera betur og höfum fengið aukið fjármagn. Kennarar eru að fá fartölvur og hægt verður að nýja þá sumar borðtölvurnar í vinnslu með nemendum. Draumurinn er að fá nokkur fartölvuver til að efla upplýsingatækni í námi nemenda.

Jón spyr hvernig dreifing gagna um foreldra og börn frá skóla til til annarra aðila sé. Fær td. kirkjan einhverjar upplýsingar frá skólanum? Skólastjórar könnuðust ekki við að skólinn afhendi svona gögn.

Símar, tölvur og Fortnite, Snapchat, Youtube og fleira. Alexander veltir upp hvort hægt væri að hafa fyrirlestur fyrir nemendur eldri deildar um þessi mál. Mikið brotthvarf er í íþróttum hjá ungu fólki í dag. Það vilja margir vilja vera “live stream” hetjur. Er hægt að fá fyrirmynd og sýna krökkunum hvernig er að vera Youtubari, Livestreamari, Snapchattari. Sandra fulltrúi foreldra og starfsmaður í félagsmiðstöðinni Bólið. veltir upp hvort þetta gæti betur eiga heima á vegum félagsmiðstöðvarinnar. Ákveðið var að taka það í þann farveg.

Fleira ekki tekið fyrir.

Fundargerð ritaði Þórunn Rósa Ólafsdóttir skólastjóra